

STRÖNDUNGUR

17. febrúar 2022 ★ 10. árg. 2. tbl.



FRÁ SKRIFSTOFU

Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps vill koma eftirfarandi skilaboðum áleiðis til ströndunga.

Að gefnu tilefni viljum við minna á það að blautklútar eiga ekki heima í fráveitukerfi Svalbarðsstrandarhrepps. Biðjum við íbúa að henda þeim í almennt rusl að lokinni notkun.

ÞORRABLÓT SVALBARÐSSTRANDAR 19. FEBRÚAR 2022

Nú er þá komið að því að tilkynna það að sent verður út "rafrænt hraðblót" laugardaginn 19. febrúar. Til þess að komast á þennann viðburð þarf að fá aðgang að hópnum "Þorrablót Svalbarðsstrandarhrepps 2021/2022" á Facebook (<https://www.facebook.com/groups/477400253913228/?ref=share>)

Nú einnig erum við að selja happdrættismiða á 1.000 kr. stykkið og eru yfir 20 vinningar í boði frá m.a. Kjarnfæði, Hnýfli, Summuhlíð og fleiri flottum fyrirtækjum. Síðasti dagur fyrir kaup á miðum er föstudagurinn 18. febrúar.

Leggja skal inná reikning 0133-26-002400 kennitala 650221-2490 og í skýringu hversu marga miða.

KÖKUBASAR Á KONUDAG



Sælir sveitungar góðir nk. sunnudag 20. febrúar, Konudaginn sjálfan ætlum við nemendur í 9. og 10 bekk Valsárskóla að hafa kökubasar milli kl. 11 og 12 í Valsárskóla til styrktar ferðasjóði okkar.

Síðast seldist upp á augabragði og fengu færri en vildu svo það borgar sig að mæta snemma og velja gómsæta tertu eða ljúffengan rétt með konudagskaffinu

Með bestu kveðjum og þakklæti fyrir stuðninginn við okkur nemendur í 9. og 10. bekk Valsárskóla.



PISTILL FRÁ SKÓLASTJÓRA VALSÁRSKÓLA



Lífið í Valsárskóla gengur sinn vanangang þrátt fyrir COVID. Í vetur eru á bilinu 50-52 nemendur í skólanum í 5 námshópum. Skólinn starfar daglega frá 8:05 - 13:00 en eldri nemendur eru við nám til 14:00 alla daga nema föstudaga. Yngri nemendur geta verið í gæslu og tómstundum í Vinaborg til 16:15 og er margt sem þeir taka sér fyrir hendur. Við eru ákaflega stolt af nemendum okkar sem standa sig vel. Í skólanum starfar hæft starfsfólk sem leggur sig fram.


Eins og allt samfélagið þá höfum við tekist á við COVID og starfað eftir óteljandi mörgum og ólíkum reglugerðum. Líklega verður það lengi í minnum haft þegar forseti Íslands kom og hittu nemendur í Safnasafninu í haust og í kjölfarið þurfti að loka skólanum í 5 daga. Meirihluti nemenda og starfsfólks fór í sóttkví, nokkrir í smitgát og enn aðrir í einangrun og forsetinn sjálfur lenti í smitgát. Sem betur fer breiddust veikindin ekki mikið út og þeir sem smituðust urðu lítið veikir.

Niðurstöður úr könnuninni Skólapúls komu til okkar í desember 2021. Skólapúls er könnun sem nemendur í 6. - 10. bekk svara árlega um virkni í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda. Það sem er gott við könnunina er að svör nemenda í Valsárskóla eru borin saman við svör nemenda í sambærilegum skólum á Íslandi. Auk þess eru svör nemenda borin saman milli ára. Með þessu móti koma fram niðurstöður sem eru okkur mikils virði til að meta skólastarfið á trúverðugan hátt. Niðurstöðurnar eru notaðar í innra mati og eru allar niðurstöður sýnilega á heimasíðu skólans.

Í stuttu máli kemur könnunin vel út og eru svör nemenda í Valsárskóla áþekkt svörum nemenda í grunnskólum á Íslandi. Hér að neðan eru nokkur dæmi um niðurstöður úr könnuninni:

Skóla- og bekkjarandi kemur vel út og er samband nemenda við kennara betra en annars staðar og agi í tímum meiri. Einn þáttur kemur sérstaklega vel út en það er virkni nemenda í kennslustundum. Sá munur er töllfræðilega marktækur Valsárskóla í vil. Þannig svara nemendur okkar því að þeir fái tækifæri til að útskýra eigin hugmyndir, að þeir fái tækifæri til að koma eigin skoðunum á framfæri um ákveðin málefni og að þeir ræða saman um

námsefnið. Samskipti við aðra nemendur er sambærileg og annars staðar á Íslandi. Tíðni leiðsagnarmats er örlítið minni en annars staðar.



Að lokum má nefna að í Valsárskóla er margt skemmtilegt framundan á næstu vikum og mánuðum. Má þar nefna sem dæmi hinn árvissa Safnasafnsdag, söfnunardag, skíða- og skautuferðir, Skólabúðir hjá 7. - 8. bekk og skólaferðalag til Danmerkur hjá 9. - 10. bekk.

Með kveðjum úr Valsárskóla, María Aðalsteinsdóttir skólastjóri

JAFNRÉTTI EÐA ALLIR FÁ JAFNT


Á Tjörnum höfum við verið að skoða hvað jafnrétti er. Það er ekki auðvelt fyrir krakkana að skilja muninn á því og öðrum góðum hugtökum sem snúa að jafnvægi í tilverunni. Í upphafi umræðu einblíndu þau á að allir fengju nákvæmlega jafnt af öllu, en er það endilega jafnrétti?

Hugmyndir þeirra og hugleiðingar um jafnrétti eru allavega og margar þeirra snúast um að vera öruggur í lífinu.

- að fullorðnir verndi öll börn
- að allir fái að borða
- að allir eigi öruggt heimili
- að fjölskyldan geti verið saman
- að allir í skólanum fái að fara í Skautahöllina
- að allir fái jafn mikið nammi
- að allir hafi rétt til að elda góðan mat.

- að allir eigi rétt á að fara í skóla alla daga nema laugardaga og sunnudaga

Hvað finnst ykkur vera jafnrétti? Það væri nú gaman að fá frá ykkur línu um ykkar hugmyndir um jafnrétti. Sendið á þetta netfang og ég kem því til skila í umræðuna hér á Tjörnum. gudfinna@svalbardsstrond.is



Allir fá jafnt, er það jafnrétti?

Allir sjá jafn vel, er það jafnrétti?

BLÚNDUR OG BLÓM

Kæru Ströndungar.

Blúndu og blóma tækifæriskortin, samúðarkortin, afmælisdagatalið og Orðaperlu gullkornastokkurinn fæst hjá okkur í Sighlúvík allt árið. Einnig eigum við enn fáein eintök af borð-, vegg- og barnadagatölum fyrir árið 2022.



Velkomið að hafa samband eða líta við þegar við erum heima, einnig frí heimsending innan sveitar.

Bestu kveðjur, Kristín og Birgir s. 462 5136 / 896 0412

www.blundurogblom.is / Facebook: Blúndur og blóm

NÆSTU RUSLADAGAR

- 17. febrúar - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sopp
- 3. mars - Almenn/lífrænt sopp
- 17. mars - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sopp